

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025, jarðgerðarstöð - Þverá ytri.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 9. október 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 frá 22. nóvember 2007.

Breytingin felst í því að til verður 5,7 ha iðnaðarsvæði í landi Þverár ytri, á áður skilgreindu efnistökusvæði og landbúnaðarsvæði, þar sem fyrirhugað er að reisa jarðgerðarstöð.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. október 2008.*

**Þórunn Sveinbjarnardóttir.**

*Logi Kjartansson.*

B-deild – Útgáfud.: 24. október 2008